

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1968**  
**komudagur 18.3.2013**

Reykjavík, 18. mars 2013

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (kennitölufلاك) -677. mál.**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra lagði fram á Alþingi 12. mars sl. frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga. Er með frumvarpi þessu leitast við að sporna gegn kennitöluflakki.

Ríkisskattstjóri telur óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins. Með henni er nýrri málsgrein bætt við 126. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga sem hljóðar svo: *Greiði félag ekki sekt sem lögð er á skv. 3. og 4. mgr. innan 60 daga frá tilkynningu sektarfjárhæðar er ársreikningaskrá heimilt að leggja sektir óskiptar á stjórnarmenn félags.*

Vakin er athygli á að í lagatextanum er ársreikningaskrá **heimilað** að leggja sektir á stjórnarmenn en í greinargerð frumvarpsins segir að „**skuli sektirnar falla óskiptar á stjórnarmenn félagsins**“. Á þessu er verulegur munur og er óhjákvæmilegt að Alþingi ákveði hvor leiðin skuli farin. Bent skal á að hafi ársreikningaskrá heimild til að leggja sektir á stjórnarmenn verður að telja að þá þurfa að boða formlega fyrirhugaða ákvörðun og eftir hæfilegan frest að tilkynna ákvörðunina. Þetta hefur í för með sér verulega vinnu hjá ársreikningaskrá sem væri óþörf ef skýrt kæmi fram í lögnum að sektir féllu til innheimtu á stjórnarmenn að tilteknum tíma liðnum, væri sekt félagsins enn ógreidd.


Þá verður einnig að benda á að orðalag 5. gr. frv. er nokkuð ónákvæmt og til þess fallið að valda ágreiningi. Er hugsunin sú að sektin deilist jafnt á stjórnarmenn séu þeir fleiri en einn eða er ætlunin sú að heildarfjárhæðin sé lögð sameiginlega á alla stjórnarmenn og að unnt sé að ganga að hverjum þeirra sem er vegna solidariskar ábyrgðar á heildarfjárhæð sektarinnar.

Afar mikilvægt er að lög séu sem allra skýrust og framkvæmd þeirra geti gengið fram með sem hagkvæmustum hætti. Því er lögð áhersla á að ekki sé verið að leggja óþarfa vinnu á ársreikningaskrá ekki síst í ljósi afgreiðslu laga um ársreikninga þann 21.02.2013 þar sem kippt var út úr 1. gr. þess frv. ákvæði sem ætlað var að leiðrétta ónákvæma innleiðingu


Evróputilskipunar og hefði haft í för með sér verulega hagræðingu við innheimtu ársreikninga og einnig auðveldað eftirlit með kennitöluflakki.

Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Skúli Eggert Þórðarson



Skúli Jónsson